

Fundargerð 768. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2009, föstudaginn 30. október kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar að Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Halldór Halldórsson, Þorleifur Gunnlaugsson, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Guðríður Arnardóttir í forföllum Lúðvíks Geirssonar, Gunnar Einarsson, Sveinbjörn Eyjólfsson í forföllum Elínar R. Líndal, Sigrún Björk Jakobsdóttir, Smári Geirsson, Aldís Hafsteinsdóttir og Þorvaldur Guðmundsson.

Auk þess sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Guðjón Bragason, Gunnlaugur A. Júlíusson, Inga Rún Ólafsdóttir og Magnús Karel Hannesson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 767. fundar - 0812686SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 767. stjórnarfundar frá 24. september 2009.

Fundargerðin var staðfest og undirrituð.

2. Samskipti ríkis og sveitarfélaga - 0409009SA

Formaður og framkvæmdastjóri lögðu fram á fundinum og gerðu grein fyrir eftirfarandi gögnum:

- a) Undirrituðum vegvísi að gerð hagstjórnarsamnings ríkis og sveitarfélaga frá 1. október 2009.
- b) Fundargerð Jónsmessunefndar frá 22. september 2009.
- c) Fundargerðum samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál frá 2. fundi þann 22. september sl. og 3. fundi frá 16. október sl.
- d) Fundargerð samráðsfundar Sambands íslenskra sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins vegna stöðugleikasáttmálans frá 21. október og yfirliti um helstu samstarfsverkefni kjaramálanefndar ríkis og sveitarfélaga 2009.
- e) Upplýsingum um útsvar til sveitarfélaga vegna útgreiðslu á séreignarsparnaði, stöðunni í október 2009, ásamt upplýsingum um stöðu útborganna í október á séreignarsparnaði.
- f) Svörum og samantekt frá hag- og upplýsingasviði sambandsins vegna breytinga í félagsþjónustu sveitarfélaga frá 2008 til 2009.
- g) Minnisblaði um fjölgun stöðugilda hjá sveitarfélögum milli 2008 og 2009.

Þá gerðu formaður og framkvæmdastjóri grein fyrir þeim viðræðum sem átt hafa sér stað í tengslum við stöðugleikasáttmála ríkisstjórnar Íslands, sambandsins, Samtaka atvinnulífsins og launaþegasamtaka að undanfögnu

og þeir hafa tekið þátt í eins og við hefur átt. Eftirfarandi samþykkt var gerð samhljóða á fundinum:

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga treystir því að staðið verði við það mikilvæga loforð sem gefið var í viðræðum um stöðugleikasáttmálann af hálfu forsætisráðherra og fjármálaráðherra með stuðningi aðila vinnumarkaðarins, og felst í því að komi til hækkunar tryggingagjalds verði tryggt af hálfu ríkisins að hækkunin leiði ekki til útgjaldaauka sveitarfélaga.

Jafnframt ítrekar stjórn sambandsins bókun frá fundi sínum 28. ágúst 2009 þar sem minnt er á að ráðstafanir ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum fyrir á þessu ári hafa veruleg áhrif til hækkunar á útgjöldum sveitarfélaga á þessu ári og því næsta, en staða margra sveitarfélaga er mjög erfið nú þegar. Áætlað er að áhrifin af hækkun tryggingagjalds sl. sumar muni nema um tveimur milljörðum króna á árunum 2009 og 2010 og hefur í för með sér að öll sú hagræðing sem sveitarfélögin hafa verið að vinna að í launaútgjöldum er unnin fyrir gýg. Sveitarfélögin hafa fram til þessa lagt höfuðáherslu á að verja störfín og forðast uppsagnir, þrátt fyrir verulega hækkun útgjalda, s.s. vegna félagsþjónustu þar sem fjárhagsaðstoð hefur hækkað um 70% og húsaleigubætur um 60% milli ára. Sveitarfélögin geta ekki við þessar aðstæður tekið á sig aukin útgjöld vegna ráðstafana í ríkisfjármálum.

3. Fundargerð stjórnar sambandsins og formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga - 0812686SA

Lögð fram fundargerð frá fundi stjórnar sambandsins og formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga sem haldinn var 2. október 2009.

4. Fundargerð Launanefndar sveitarfélaga - 0409021SA

Lögð fram fundargerð 237. fundar launanefndar frá 29. september 2009.

5. Fundargerð skólamálanefndar - 0504189SA

Lögð fram fundargerð 47. fundar skólamálanefndar sambandsins frá 13. október 2009.

6. Ársfundur SSKS 2009 - 0710323SA

Lögð fram fundargerð ársfundar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum sem haldinn var 2. október 2009.

7. Erindisbréf fyrir skipulagsmálanefnd - 0910016SA

Lögð fram til umræðu og samþykktar drög að erindisbréfi fyrir skipulagsmálanefnd sambandsins, sem sett er á laggirnar samkvæmt ákvæðum í stefnumörkun og aðgerðaáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga á árunum 2009-2010. Þar segir í lið 3.7.1.1 að stjórn sambandsins skipi ráðgefandi nefnd til að fjalla um gerð landskipulags og önnur stefnumarkandi mál á sviði skipulagsmála og samþykki erindisbréf fyrir nefndina á fundi sínum í október 2009.

Sviðsstjóri lögfræðisviðs gerði nánari grein fyrir erindisbréfinu.

Erindisbréfið var samþykkt með orðalagsbreytingum.

Í skipulagsmálanefndina voru kjörin fram yfir landsþing sambandsins haustið 2010 Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri í Stykkishólmsbæ, Elín R. Líndal, sveitarstjórnarmaður í Húnaþingi vestra, Júlíus Vífill Ingvarsson, borgarfulltrúi og formaður skipulagsráðs Reykjavíkurborgar, Pétur Bolli Jóhannesson, skipulagsstjóri Akureyrarkaupstaðar, og Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

8. ESB og hafnirnar - 0909024SA

Lagt fram bréf Hafnasambands Íslands, dags. 23. september 2009, þar sem lögð er áhersla á „að í tengslum við fyrirhugaðar viðræður um aðild Íslands að Evrópusambandinu verði gerð úttekt á áhrifum hugsanlegrar aðildar á starfsemi hafna og að eðlilegast sé að Samband íslenskra sveitarfélaga og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið vinni saman að þessu verkefni í samráði við Hafnasamband Íslands, en leitað verði eftir stuðningi ESB til að ljúka því sem fyrst“.

Samþykkt var að vísa erindi hafnasambandsins til þróunar- og alþjóðasviðs.

9. Starfshópur um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða - 0910032SA

Sigrún Björk Jakobsdóttir, fulltrúi sambandsins í starfshópi um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða, lagði fram og gerði grein fyrir áherslum sínum, sem hún lagði fram á fundi starfshópsins 2. október 2009 og hún hafði unnið í samráði við varamann sinn í starfshópnum, Smára Geirsson.

Sigrún Björk mun gera stjórn sambandsins grein fyrir framvindu endurskoðunarinnar.

10. Tilnefning í samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaga - 0910014SA

Lagt fram bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 12. október 2009, þar sem óskað er eftir tilnefningu sambandsins á tveimur fulltrúum í samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaga.

Tilnefnd voru Soffía Lárusdóttir, forseti bæjarstjórnar Fljótshálfhárs, og Þorleifur Gunnlaugsson, borgarfulltrúi í Reykjavíkurborg.

11. Tilnefning í starfshóp um endurskoðun sveitarstjórnarlaga - 0910015SA

Lagt fram bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 12. október 2009, þar sem að óskað er eftir tilnefningu sambandsins á tveimur fulltrúum í starfshóp um endurskoðun sveitarstjórnarlaga.

Tilnefnd voru Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræðisviðs sambandsins, og Björk Vilhelmsdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavíkurborg.

12. Tilnefning í starfsgreinaráð umhverfis- og landbúnaðargreina - 0910001SA

Lagt fram bréf menntamálaráðuneytisins, dags. 23. september 2009, þar sem óskað er eftir tilnefningu sambandsins á fulltrúa í starfsgreinaráð umhverfis- og landbúnaðargreina.

Tilnefnd var Guðrún A. Sigurðardóttir, starfsmatssérfræðingur á kjarasviði sambandsins. Vegna þekkingar Guðrúnar á þessu sviði er það talin gild hlutlæg ástæða til þess að tilnefna aðeins einn aðila, sbr. 2. málslíð 2. mgr. 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

13. Tilnefning í starfsgreinaráð heilbrigðis- og uppeldisgreina - 0910002SA

Lagt fram bréf menntamálaráðuneytisins, dags. 23. september 2009, þar sem óskað er tilnefningar sambandsins á fulltrúa í starfsgreinaráð heilbrigðis- og uppeldisgreina.

Tilnefnd var Berglind Eva Ólafsdóttir, starfsmatssérfræðingur á kjarasviði sambandsins. Vegna þekkingar Berglindar Evu á þessu sviði er það talin gild hlutlæg ástæða til þess að tilnefna aðeins einn aðila, sbr. 2. málslíð 2. mgr. 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

14. Tilnefning í innflytjendaráð - 0910019SA

Lagt fram bréf félags- og tryggingamálaráðuneytisins, dags. 15. október 2009, þar sem óskað er eftir tilnefningu sambandsins á einum fulltrúa og annars til vara í innflytjendaráð.

Samkvæmt 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 tilnefnir stjórn sambandsins Önnu Guðrúnu Björnsdóttur, núverandi fulltrúa sambandsins í innflytjendaráði og sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, eða Tryggva Þórhallsson, lögfræðing á lögfræðisviði sambandsins, í innflytjendaráð. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki sem aðalmann verði varamaður hins.

15. Tilnefning í nefnd um málefni lífeyrissjóða - 0910021SA

Lagt fram bréf fjármálaráðuneytisins, dags. 13. október 2009, þar sem óskað er eftir tilnefningu sambandsins á einum fulltrúa í nefnd um málefni lífeyrissjóða sbr. 9. tölulið stöðuleikasáttmálans.

Tilnefndur var Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, formaður Launanefndar sveitarfélaga. Vegna þekkingar Gunnars Rafns á þessu sviði er það talin gild hlutlæg ástæða til þess að tilnefna aðeins einn aðila, sbr. 2. málslíð 2. mgr. 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

16. Tilnefning í safnaráð - 0910023SA

Lagt fram bréf mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 15. október 2009, þar sem óskað er eftir tilnefningu sambandsins á einum fulltrúa og annars til vara í safnaráð.

Samkvæmt 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 tilnefnir stjórn sambandsins Svein Kristinsson, núverandi fulltrúa sambandsins í safnaráði og bæjarfulltrúa í Akraneskaupstað, eða Jenný Lind Egilsdóttur, sveitarstjórnarmann í Borgarbyggð, í safnaráð. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki sem aðalmann verði varamaður hins.

17. Tilnefning í starfshóp um íslensku í tölvuheiminum - 0910035SA

Lagt fram bréf mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 21. október 2009, þar sem óskað er tilnefningar á einum fulltrúa sambandsins og annars til vara í starfshóp um íslensku í tölvuheiminum.

Samþykkt var að hafna ósk ráðuneytisins um tilnefningu í starfshópinn þar sem ekki liggur ljóst fyrir hverjir hagsmunir sveitarfélaganna eru í málinu.

18. Tilnefning í Öryggisnefnd - 0910037SA

Lagt fram bréf mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 21. október 2009, þar sem óskað er tilnefningu á einum fulltrúa sambandsins og annars til vara í Öryggisnefnd.

Samkvæmt 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 tilnefnir stjórn sambandsins Ómar Einarsson, núverandi fulltrúa sambandsins í öryggisnefndinni og framkvæmdastjóra Íþrótt- og tómstundaráðs Reykjavíkurborgar, eða Herdísí Sigurjónsdóttur, bæjarfulltrúa í Mosfellsbæ, í nefndina. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki sem aðalman verði varamaður hins.

19. Loftslagsráðstefnan í Kaupmannahöfn - 0910042SA

Rætt var um aðild og þátttöku Sambands íslenskra sveitarfélaga í loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem haldin verður í Kaupmannahöfn í Danmörku í desember 2009.

Samþykkt var að leita eftir samstarfi um málið við Reykjavíkurborg.

20. Frumvarp til laga um húsmæðraorlof - 0910039SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra lögfræðisviðs, dags. 27. október 2009, um frumvarp til laga um afnám laga um húsmæðraorlof.

Í minnisblaðinu kemur fram að efni frumvarpsins sé í samræmi við áherslur stjórnar sambandsins en stjórnin hefur óskað eftir því að samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra beiti sér fyrir niðurfellingu laga um orlof húsmæðra.

Stjórnin gerir ekki athugasemdir við efni minnisblaðsins.

21. Samskipti Flóahrepps og jöfnunarsjóðs vegna viðbyggingar Flóaskóla - 0910020SA

Lögð fram bréf frá Flóahreppi, dags. 18. september og 11. október 2009, og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 25. mars og 26. ágúst 2009, vegna viðbyggingar við Flóaskóla, þar sem greint er frá afturköllun á fyrri samþykkt samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um styrkveitingu til viðbyggingar við Flóaskóla úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Framkvæmdastjóra var falið að afla frekari upplýsinga um málið og hugsanleg önnur sambærileg mál og leggja fyrir stjórnina á næsta fundi.

22. Opinber innkaup - 0909018SA

Lagt fram bréf Samtaka iðnaðarins, dags. 15. september 2009, þar sem óskað er eftir því að stjórn sambandsins þrýsti á um að sveitarfélögin fari að lögum varðandi útboð framkvæmda, en samtökin telja að töluverður misbrestur sá á því.

Framkvæmdastjóra var falið að meta hvort ástæða væri til að bregðast við erindinu gagnvart sveitarfélögunum.

23. Aðgerðir til að jafna betur stöðu kynja í sveitarstjórnnum - 0910022SA

Lögð fram til kynningar greinargerð starfshóps um aðgerðir til að jafna betur stöðu kynja í sveitarstjórnnum, dags. 9. október 2009.

24. Skólaþing sveitarfélaga 2009 - 0908034SA

Lögð fram dagskrá skólaþings sveitarfélaga 2009 sem haldið verður 2. nóvember.

25. Aðildarviðræður að ESB og tilnefningar í viðræðunefndir vegna aðildarumsóknar Íslands til ESB - 0909003SA

Lagt fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra lögfræðisviðs, dags. 7. október 2009, um fund um upplýsingamál vegna aðildarumsóknar. Einnig lagðir fram til kynningar tölvupóstar frá framkvæmdastjóra sambandsins með tillögum sambandsins að fulltrúum sem skipa mætti í viðræðunefndir vegna aðildarumsóknar Íslands til ESB.

26. Skrifstofa sambandsins í Brussel - 0408115SA

Lagt fram til kynningar bréf samgönguráðuneytisins, dags. 29. september 2009, vegna áframhaldandi reksturs skrifstofu sambandsins í Brussel.

27. Þóknanir fyrir nefndarsetu - 0906008SA

Lagt fram til kynningar bréf félags- og tryggingamálaráðuneytisins, dags. 11. september 2009, ásamt svari Sambands íslenskra sveitarfélaga um endurskoðun viðmiðunarreglna fyrir þóknanir og ferðakostnað vegna nefndarsetu, dags. 21. september 2009. Einnig lagt fram bréf samgönguráðuneytisins, dags. 12. október 2009, ásamt umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um fyrirhugaðar breytingar á föstum þóknunum til nefndamanna, dags. 20. október 2009.

28. Frumvarp til nýrra umferðarlaga - 0909021SA

Lögð fram til kynningar umsögn um drög að frumvarpi til nýrra umferðarlaga, dags. 22. september 2009.

29. Aðalfundur SSV 2009 - 0909031SA

Lagðar fram til kynningar ályktanir aðalfundar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi frá 11. og 12. september 2009.

30. Aðalfundur Eyþings 2009 - 0908022SA

Lagðar fram til kynningar ályktanir aðalfundar Eyþings sem fram fór 25. og 26. september 2009.

31. Aðalfundur SSA 2009 - 0909009SA

Lagðar fram til kynningar ályktanir aðalfundar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi sem fram fór 25. og 26. september 2009.

32. Aðalfundur SASS 2009 - 0910026SA

Lagðar fram til kynningar ályktanir aðalfundar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga frá 16. október 2009.

33. Aðalfundur Sýslumannafélags Íslands 2009 - 0909030SA

Lögð fram til kynningar ályktun aðalfundar Sýslumannafélags Íslands sem fram fór 24. september 2009.

34. Landsþing Proskahjálpar 2009 - 0910038SA

Lagt fram til kynningar bréf Landssamtaka Proskahjálpar, dags. 20. október 2009, með samþykktum ályktunum frá landsþingi samtakanna sem fram fór 16. og 17. október 2009.

Næsti fundur er ráðgerður föstudaginn 27. nóvember.

Fundi var slitið kl. 15:05

Halldór Halldórsson

Þorleifur Gunnlaugsson

Hanna Birna Kristjánsdóttir

Dagur B. Eggertsson

Guðríður Arnardóttir

Gunnar Einarsson

Sveinbjörn Eyjólfsson

Sigrún Björk Jakobsdóttir

Smári Geirsson

Aldís Hafsteinsdóttir

Þorvaldur Guðmundsson

framkvæmdastjóri

ritari